



Fundargerð

210. fundur stjórnar HEF ehf haldinn á Hótel Héraði, mánudaginn 4. júlí 2016 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Guðbjörg Björnsdóttir.

Dagskrá:

1. Málefni Ylstrandar
2. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 12:12

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Málefni Ylstrandar

Framlögð gögn á fundinum: Erindi frá Ylströndin ehf. dags 8. maí 2016 um aðkomu HEF ehf. í formi eignaraðildar; Fljótsdalshérað Möguleg aðkoma hitaveitu að verkefni, tölvupóstur frá Guðjóni Bragasyni dags 29. júní 2016; Pacta dags 2. mars 2014; Álit vegna erindis forsvarsmanna Ylstrandar.; Sókn - Álit vegna Ylstrandar dags. 11. júní 2016.;

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir forsögu málsins og málsmeðferð til dagsins í dag ásamt framlögðum gögnum. Umræður.

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu A: Að HEF ehf. kaupi hlutafé í Ylströndin ehf. að andvirði allt að kr 30.000.000,- með því skilyrði að verkefnið verði fullfjármagnað. Þessi kaup eru gerð til að tryggja vatnssölu sem treystir rekstragrunn HEF ehf. til framtíðar og stuðla þar með að framgangi verkefnisins.

Umræða um tillöguna.

Afgreiðsla: tillagan felld með þrem atkvæðum (KL,SS, GI) gegn tveim atkvæðum (GJ,SB).

Karl og Sigríður leggja fram eftirfarandi tillögu B: Stjórn HEF ehf. leggur til að Ylstrandarverkefnið verði styrkt með þeim hætti að félaginu verði látið í té heitt vatn til notkunar í sínum rekstri fyrstu fimm árin í rekstri félagsins. Sú orka sem afhent verður, verði metin sem hlutafé.



Umræða um tillöguna.

Afgreiðsla: Tillagan fellur á jöfnu, með voru (KL, SS) á móti (GJ, GI), (SB sat hjá).

Gunnar Jónsson gerði grein fyrir atkvæði sínu: Ég er ekki tilbúinn til að greiða þessari tillögu atkvæði þar sem afgreiðslan bindur næstu stjórn til að hafna tekjum upp á allt að fimmtíu milljónir króna enda svarar tillagan ekki erindi Ylstrandar ehf.

2. Önnur mál

Framlögð gögn:

- a) Framkvæmdastjóri sagði frá fyrirhuguðum hittingi með Skipulags- og byggingafulltrúa um fyrirbyggjandi verkefni vegna flóðamála sem þarf að fara í fyrir veturinn.
- b) Næsti fundur boðaður með dagskrá.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:04

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson.